

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1135

2021/EES/60/01

frá 10. ágúst 2018

um að ákvarða gerð, framsetningu og tíðni upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði

(tilkynnt með númeri C(2018) 5009) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/795/ESB ⁽²⁾ er mælt fyrir um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar að gefa skýrslu um framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB fyrir tímabilið 2013–2016. Tímabundnum áhrifum þeirrar ákvörðunar er lokið og ætti því að fella hana úr gildi.
- 2) Ákvarða ætti gerð, framsetningu og tíðni upplýsinga, að því er varðar árin frá og með 2017, sem aðildarríkin eiga að gera aðgengilegar.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu aðildarríkin gefa skýrslu um upplýsingar um framkvæmd þeirrar tilskipunar, um dæmigerð gögn um losun og aðrar gerðir mengunar, um viðmiðunarmörk fyrir losun og um notkun bestu, aðgengilegu tækni í samræmi við 14. og 15. gr. þeirrar tilskipunar, einkum um veitingu undanþága í í samræmi við 4. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar.
- 4) Þar að auki er þess krafist að aðildarríkin tilgreini upplýsingar skv. 51. gr. (4. mgr.), 55. gr. (2. mgr.) og 59. gr. (1., 2. og 3. mgr.) tilskipunar 2010/75/ESB í skýrslunum sem lagðar eru fram skv. 72. gr. þeirrar tilskipunar.
- 5) Í samræmi við 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu aðildarríkin gera upplýsingarnar aðgengilegar á rafrænu formi með notkun skýrslugjafartækis sem framkvæmdastjórnin lætur í té í þeim tilgangi.
- 6) Í tilskipun 2010/75/ESB er gerð sú krafa að hver stöð, sem fellur undir II. kafla tilskipunarinnar, sé með sérstakt leyfi til að reka stöðina. Leyfisskilyrðin verða að byggjast á umhverfisárangri sem stöðin getur náð, að teknu tilliti til tæknilegra eiginleika hennar, utanaðkomandi þátta, þ.m.t. staðbundin skilyrði, og notkunar hennar á bestu aðgengilegu tækni. Með leyfum eru fastsett skilyrði, einkum um viðmiðunarmörk fyrir losun, vöktun á losun og mat á reglufylgni, sem eru sértæk fyrir hverja stöð fyrir sig. Í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skal endurmeta leyfisskilyrðin reglulega og, ef nauðsyn krefur, uppfæra þau, einkum þegar nýjar niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni hafa verið birtar varðandi aðalstarfsemi stöðvar. Skilvirkasta leiðin til að gefa skýrslu um framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB er að veita viðkomandi upplýsingar fyrir hverja stöð fyrir sig og rýmka þannig nálganirnar, sem teknar voru upp í 2. og 3. einingu framkvæmdarákvörðunar 2012/795/ESB, svo þær nái til allra geira.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 2.7.2020, bls. 95.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/795/ESB frá 12. desember 2012 um að ákvarða gerð, framsetningu og tíðni upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði (Stjttíð. ESB L 349, 19.12.2012, bls. 57).

- 7) Stór brennsluver og sorp(sam)brennslustöðvar falla undir sértæk ákvæði í III. og IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB. Að því er varðar þessar stöðvar ættu aðildarríkin þar að auki að veita upplýsingar um framkvæmd tímabundinna undanþága og mengunarnaradgerða eins og tilgreint er í 32. til 35. gr. og 46. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2010/75/ESB. Að því er varðar sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar með afköst sem nema minna en 2 tonnum á klukkustund er gerð sú krafa í 3. mgr. 55. gr. þeirrar tilskipunar að aðildarríkin geri skrá yfir stöðvar aðgengilega öllum. Veita ætti framkvæmdastjórninni upplýsingar um birtingu þessarar skrár til að gera henni kleift að fylgjast með framkvæmd tilskipunarinnar í þessum smærri stöðvum.
- 8) Í samræmi við 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB verða aðildarríkin einnig að gefa skýrslu um dæmigerð gögn um losun og aðrar gerðir mengunar. Til að draga úr óþarfa stjórnsýslubyrði ættu aðildarríkin að veita upplýsingar um það hvar vöktunargögn um losun eru gerð aðgengileg skv. b-lið 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2010/75/ESB og einnig tengil á losunargögn sem skýrsla er gefin um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 ⁽¹⁾. Samkvæmt þeirri reglugerð er þess krafist að aðildarríki gefi skýrslu árlega um gögn varðandi m.a. flutning úrgangs af staðnum og losun mengunarefna í andrúmsloft, vatn og land í samræmi við II. viðauka við hana sem nær yfir öll mengunarefni sem eru skráð í II. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB. Á sama tíma eru allar „stöðvar“ sem falla undir tilskipun 2010/75/ESB tengdar eða eins og „starfsstöð“ sem fellur undir þá reglugerð. Gögn sem skýrsla er gefin um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006 eru því „dæmigerð gögn um losun og aðrar gerðir mengunar“ í skilningi 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
- 9) Tengilinn á skýrslugjöf um losun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006 ætti að búa til með því að nota fyrirbyggjandi landgögn sem aðildarríkin hafa umsjón með í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB ⁽²⁾ og 8. lið III. viðauka við þá tilskipun. Gagnalíkanið sem komið var á í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 ⁽³⁾ gerir aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni kleift að tengja „stöðvar“, stór brennsluver og sorp(sam)brennslustöðvar við „rekstrareiningar“ í skilningi 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006. Skýrslugjöf um landgögn varðandi stöðvar, stór brennsluver og sorp(sam)brennslustöðvar í stað þess að leggja fram ítarlegar skýrslur um losun frá stöðvum er því, í þessu samhengi, ekkert annað en önnur „tegund“ skýrslugjafar í skilningi 2. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Þetta tekur til aðlögunar INSPIRE-líkansins að sértæku kröfunum um skýrslugjöf í 1. mgr. 72. gr. tilskipunar 2010/75/ESB og gerir þar með tiltekin stök landupplýsinga, sem eru ógildanleg samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, skyldubundin.
- 10) Að því er varðar stöðvar og starfsemi þar sem notaðir eru lífrænir leysar sem falla ekki undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB og því er ekki víst að leyfi, sem er sértækt fyrir viðkomandi stöð, gildi um þá ættu aðildarríki að greina frá upplýsingum um heildarfjölda stöðva og um fjölda stöðva sem beita skerðingaráætlun skv. b-lið 1. mgr. 59. gr. þeirrar tilskipunar eða undanþágu skv. 2. eða 3. mgr. 59. gr. tilskipunarinnar. Þar með fær framkvæmdastjórnin upplýsingar um hvort og að hvaða marki þetta gæti haft áhrif á framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar stöðvar sem falla undir II., III. og IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB, að undanskildum sorpbrennslustöðvum og sorpsambrennslustöðvum með nafnaköst undir tveimur tonnum á klukkustund, skulu aðildarríkin gera upplýsingarnar, sem settar eru fram í I. viðauka, aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina á því sniði sem mælt er fyrir um í þeim viðauka fyrir hverja stöð sem fellur þar undir.

Að því er varðar sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar með nafnaköst undir tveimur tonnum á klukkustund og að því er varðar stöðvar sem falla undir V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB skulu aðildarríkin gera upplýsingarnar, sem settar eru fram í II. viðauka, aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina á því sniði sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um upplýsingarnar sem settar eru fram í I. og II. viðauka með því að nota samræmda rafræna skýrslugjafartækið sem framkvæmdastjórnin lætur í té.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtíð. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11).

2. gr.

Upplýsingarnar, sem settar eru fram í I. viðauka, skulu lagðar fram í fyrsta sinn fyrir skýrslugjafarárið 2017, nema annað sé tekið fram í þeim viðauka. Að því er varðar það skýrslugjafarár skulu upplýsingarnar lagðar fram eigi síðar en 30. júní 2019. Að því er varðar seinni skýrslugjafarár skal leggja upplýsingarnar, sem settar eru fram í I. viðauka, fram á hverju ári innan 9 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins.

Upplýsingarnar, sem settar eru fram í II. viðauka, skulu lagðar fram í fyrsta sinn fyrir skýrslugjafarárin 2017 og 2018. Að því er varðar þessi skýrslugjafarár skulu upplýsingarnar lagðar fram eigi síðar en 30. september 2019. Að því er varðar seinni skýrslugjafarár skal leggja upplýsingarnar, sem settar eru fram í II. viðauka, fram á þriggja ára fresti innan 9 mánaða frá lokum síðasta skýrslugjafarársins.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar um stöðvar sem falla undir II., III. og IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB [að undanskildum sorpbrennslustöðvum og sorpsambrennslustöðvum með nafnafköst undir 2 tonnum á klukkustund]

Athugasemd: Aðildarríkjum er heimilt að tilgreina upplýsingar sem þau telja vera trúnaðarupplýsingar og gera grein fyrir ástæðum þess að framkvæmdastjórnin eigi ekki að gera þær aðgengilegar öllum.

1.1. Upplýsingar sem varða þetta samhengi

Tegund	Snið
1.1.1. Kennimerki lands	Auðkenning landsins þar sem stöðvar og hlutar stöðva, sem gefin er skýrsla um, eru staðsett.
1.1.2. Skýrslugjafarar	Almanaksárið sem skýrslugjöfin á við um.

1.2. Upplýsingar um allar stöðvar sem falla undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB

Tegund	Snið
1.2.1. inspireId	Einkvæmt kennimerki stöðvar sem uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.
1.2.2. thematicId ⁽¹⁾	Þematískt kennimerki hlutar
1.2.3. pointGeometry	Breiddar- og lengdargráða (hnit áætlaðs miðpunkts stöðvarinnar), gefin upp með tilvísun í hnitviðmiðunarkerfið ETRS89 (2D)-EPSG:4258 með nákvæmni sem nemur 5 tugasetum.
1.2.4. Heiti stöðvarinnar	Opinbert heiti, sérheiti eða hefðbundið heiti stöðvarinnar.
1.2.5. Staða	Rekstrarleg staða stöðvarinnar
1.2.6. Lögbært yfirvald	Að því er varðar starfsemi sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, heiti og samskiptaupplýsingar: a) lögbærs yfirvalds eða lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á veitingu leyfa skv. II. kafla þeirrar tilskipunar, b) lögbærs yfirvalds eða lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti skv. II. kafla þeirrar tilskipunar.
1.2.7. Starfsemi sem fer fram	Upplýsingar um alla starfsemi sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB sem fer fram innan stöðvarinnar.
1.2.8. Niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni	Frá og með skýrslugjafararinu 2018, upplýsingar um framkvæmdar-ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöðu um bestu, aðgengilegu tækni sem gilda um einhverja þá starfsemi sem fer fram á stöðinni.
1.2.9. Aðrir kaflar sem skipta máli samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB	Upplýsingar um þá kafla í tilskipun 2010/75/ESB sem eiga við um stöðina (eða hluta hennar).
1.2.10. Skýrsla um grunnástand lögð fram	Tilgreining á því hvort skýrsla um grunnástand, eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, hafi verið lögð fyrir lögbært yfirvald.

Tegund	Snið
1.2.11. Leyfi veitt	<p>a) Tilgreining á því hvort leyfi hafi verið veitt til að reka stöðina skv. 5. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.</p> <p>b) Veffang eða vefföng þar sem leyfið eða leyfin eru gerð aðgengileg öllum.</p> <p>c) Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, lýsing á því til hvaða framfylgdaraðgerða var gripið ef leyfi hefur ekki verið veitt skv. 5. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.</p>
1.2.12. Endurmat á leyfisskilyrðum	<p>a) Tilgreining á því hvort leyfisskilyrði hafi verið endurmetin í samræmi við 3. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar.</p> <p>b) Ef við á, dagsetningin þegar leyfisskilyrðin voru uppfærð í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.</p>
1.2.13. Undanþága frá bestu, aðgengilegu tækni skv. 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.	<p>Að því er varðar stöðvar þar sem leyfisskilyrðin hafa verið endurmetin í samræmi við 3. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar, tilgreining á því hvort undanþága hafi verið veitt skv. 4. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar.</p> <p>Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, ef undanþága hefur verið veitt, upplýsingar um:</p> <p>a) veffangið þar sem sérstakar ástæður fyrir undanþágunni eru gerðar aðgengilegar öllum, í samræmi við f-lið 2. mgr. 24. gr. tilskipunar 2010/75/ESB,</p> <p>b) framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni sem undanþágan var veitt samkvæmt,</p> <p>c) losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni sem undanþágan var veitt samkvæmt,</p> <p>d) tímalengd undanþágunnar, ef við á.</p>
1.2.14. Strangari leyfisskilyrði	<p>Frá og með skýrslugjafarárinu 2018 að því er varðar stöðvar þar sem leyfisskilyrðin hafa verið endurmetin í samræmi við 3. mgr. 21. gr., lýsing á því hvort viðmiðunarmörk fyrir losun, sem fastsett eru í leyfinu, séu strangari en lægra gildið á sviði losunargildis sem tengjast bestu, aðgengilegu tækni, og upplýsingar um:</p> <p>a) viðeigandi framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni,</p> <p>b) viðeigandi losunargildi sem tengist bestu, aðgengilegu tækni,</p> <p>c) hvort þessi strangari viðmiðunarmörk fyrir losun hafi verið fastsett skv. 4. mgr. 14. gr. eða 18. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eða báðum þessum greinum.</p>
1.2.15. Vettvangsheimsóknir (eftirlit)	<p>a) Fjöldi vettvangsheimsókna á framleiðslustöðina sem lögbært yfirvald innti af hendi á skýrslugjafarárinu.</p> <p>b) Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, sérstakt veffang fyrir síðustu skýrslu um vettvangsheimsókn eða almennt veffang þar sem útskýrt er hvernig hægt er að fá almennan aðgang að stökum heimsóknar-skýrslum í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 23. gr.</p>
1.2.16. Vöktunargögn um losun	<p>Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, tilgreining á því hvernig niðurstöður úr vöktun á losun hafa verið gerðar aðgengilegar öllum skv. b-lið 3. mgr. 24. gr., þ.m.t. veffang ef vefsetur hafa verið búin til í þeim tilgangi.</p>
1.2.17. eSPIRS-kennimerki	<p>Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, ef stöðin fellur undir tilskipun 2012/18/ESB, kennimerki upplýsingaöflunarkerfis Serveso-stöðva (eSPIRS-kennimerki) fyrir starfsstöðina þar sem stöðin er staðsett. Valkvætt.</p>

Tegund	Snið
1.2.18. Kennimerki í kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir	Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, ef stöðin fellur í heild eða að hluta til undir tilskipun 2003/87/EB, kennimerkið sem notuð er til skýrslugjafar samkvæmt þeirri tilskipun. Valkvætt.
1.2.19. Athugasemdir	Allar aðrar viðeigandi upplýsingar. Valkvætt.

(¹) Þessi reitur er með margfeldni sem nemur 0–1 samkvæmt INSPIRE-áætluninni.

1.3 Viðbótarupplýsingar um stór brennsluver sem falla undir III. kafla og sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar með afköst sem nema 2 tonnum á klukkustund eða meira sem falla undir IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB (¹).

Tegund	Snið
1.3.1 Almennar upplýsingar	
1.3.1.a. inspireId	Einkvæmt kennimerki sem uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB, eins og nánar er tilgreint í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, einkum 8. lið IV. viðauka við þá reglugerð, með áorðnum breytingum.
1.3.1 b. thematicId (²)	Þematískt kennimerki hlutar
1.3.1.c. pointGeometry	Breiddar- og lengdargráða (hnit áætlaðs miðpunkts stöðvarinnar), gefin upp með tilvísun í hnitviðmiðunarkerfið ETRS89 (2D)-EPSG:4258 með nákvæmni sem nemur 5 tugasætum.
1.3.1.d. Heiti stöðvar	Opinbert heiti eða sérheiti eða hefðbundið heiti stöðvarinnar.
1.3.1.e. Staða	Rekstrarleg staða stöðvarinnar.

1.3.2. Upplýsingar um stór brennsluver

1.3.2.a. Heildarnafnvarmaafli	Heildarnafnvarmaafli stórs brennsluvers.
1.3.2.b. Undanþágur samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB	Nánari upplýsingar um undanþágur, eins og kveðið er á um í 31. til 35. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, sem hafa verið veittar að því er varðar stórt brennsluver.
1.3.2.c. Athugasemdir	Allar aðrar viðeigandi upplýsingar. Valkvætt.

1.3.3. Upplýsingar um sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar með nafnafköst sem nema 2 tonnum á klukkustund eða meira

1.3.3.a. Heildarnafnafköst	Heildarnafnafköst sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar.
1.3.3.b. Leyfð afköst fyrir hættulegan úrgang	Leyfð heildarafköst fyrir brennslu og sambrennslu hættulegs úrgangs.
1.3.3.c. Leyfð afköst fyrir hættulausan úrgang	Leyfð heildarafköst fyrir brennslu og sambrennslu hættulauss úrgangs.

Tegund	Snið
1.3.3.d. Ákvæði 2. mgr. 46. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um mengunarvarnaraðgerðir.	Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, tilgreining á því: a) hvort meira en 40% varmalosunar, sem stafar af brennslunni, komi frá hættulegum úrgangi, b) hvort ómeðhöndlaður blandaður heimilis- og rekstrarúrgangur sé sambrenndur.
1.3.3.e. Sérstök skilyrði	a) Tilgreining á því hvort breyting á rekstrarskilyrðum hafi verið samþykkt skv. 51. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. b) Ef við á, frekari upplýsingar um eðli samþykkrar breytingar á rekstrarskilyrðum. c) Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, ef við á: i. veffang fyrir leyfið þar sem rekstrarskilyrðin koma fram, ii. veffang fyrir síðustu skýrslu um vettvangsheimsókn, sem hefur verið gerð aðgengileg öllum skv. 6. mgr. 23. gr., eða veffang þar sem útskýrt er hvernig hægt er að fá almennan aðgang að þessari skýrslu.
1.3.3.f. Opinber yfirlýsing	Frá og með skýrslugjafarárinu 2018, tilgreining á því hvernig upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. 55. gr. tilskipunar 2010/75/ESB hafa verið gerðar aðgengilegar öllum, þ.m.t. veffang ef vefsetur hafa verið bún til í þeim tilgangi.
1.3.3.g. Athugasemdir	Allar aðrar viðeigandi upplýsingar. Valkvætt.

(¹) Að því er varðar sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar með nafnaköst á bilinu 2 til 3 tonn/klukkustund þarf einungis leggja fram gögn frá og með skýrslugjafarárinu 2018.

(²) Þessi reitur er með margfeldni sem nemur 0–1 samkvæmt INSPIRE-áætluninni.

1.4. Upplýsingar þegar stöð samkvæmt tilskipuninni um losun í iðnaði er hluti af eða eins og starfsstöð (¹).

Tegund	Snið
1.4.1. inspireId	Einkvæmt kennimerki starfsstöðvar sem uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.
1.4.2. thematicId (²)	Þematískt kennimerki hlutar
1.4.3. riverBasinDistrict	Kóðakennimerki og/eða heiti sem vatnasviðaumdæmi vatnsfalls er gefið.
1.4.4. Rúmfræði	Breiddar- og lengdargráða (hnit áætlaðs miðpunkts starfsstöðvarinnar), gefin upp með tilvísun í hnitviðmiðunarkerfið ETRS89 (2D)-EPSG:4258 með nákvæmni sem nemur 5 tugasætum.
1.4.5. Hlutverk	Starfsemi sem fer fram í starfsstöðinni. Hlutverkinu er lýst með starfsemi starfsstöðvarinnar, gefið upp sem kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins.
1.4.6. Heiti starfsstöðvar	Opinbert heiti eða sérheiti eða hefðbundið heiti starfsstöðvarinnar.
1.4.7. Staða	Rekstrarleg staða starfsstöðvarinnar.
1.4.8. Athugasemdir	Allar aðrar viðeigandi upplýsingar. Valkvætt.

(¹) Þetta er „framleiðsluástaða“ eins og hún er skilgreind í lið 8.2.1 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 sem „eitt eða fleiri mannvirki á sama staðnum, rekið af sama einstaklingi eða lögaðila, hannað, byggt eða uppsett til að þjóna tilteknum tilgangi í framleiðslu eða iðnaði; nær til allra grunnvirkja, búnaðar og efnis“ og fellur undir reglugerð (EB) nr. 166/2006.

(²) Þessi reitur er með margfeldni sem nemur 0–1 samkvæmt INSPIRE-áætluninni

II. VIÐAUKI

Upplýsingar um sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar með nafnafköst undir tveimur tonnum á klukkustund og um stöðvar sem falla undir V. kafla tilskipunar 2010/75/ESB

2.1. Sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar með nafnafköst undir tveimur tonnum á klukkustund	Tilvísun í skrá yfir slíkar stöðvar sem er gerð aðgengileg öllum í samræmi við 3. mgr. 55. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
2.2. Stöðvar sem falla undir V. kafla tilskipunar 2010/75/ESB (stöðvar þar sem lífrænir leysar eru notaðir)	a) Heildarfjöldi stöðva sem falla undir V. kafla tilskipunar 2010/75/ESB. b) Fjöldi stöðva sem uppfylla ákvæðin í b-lið 1. mgr. 59. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. c) Fjöldi stöðva sem hafa fengið undanþágu eins og kveðið er á um í 2. mgr. 59. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. d) Fjöldi stöðva sem hafa fengið undanþágu eins og kveðið er á um í 3. mgr. 59. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.